

Skýrsla stjórnarformanns 2016

STÖRF STJÓRNAR

Frá aðalfundi SAM 5. mars 2015 hefur stjórn SAM haldið fimm bókaða fundi.

Á fundum stjórnar var reglulega fjallað um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurvara og rekstur SAM. Einnig fjallaði stjórn SAM um og gerði tillögu að greiðslumarki fyrir verðlagsárið 2017.

Önnur mál sem stjórn SAM hefur meðal annars fjallað um frá síðasta aðalfundi eru mjólkuruppgjör vegna 2015 og 2016, framkvæmd á nýjum búvörusamningi, reglur um flokkun mjólkur, skipan í samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga og aðferðir til að fylgjast með breytingum í stærð íslenska kúastofnsins.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn SAM tilnefnt eða skipað fulltrúa í:

Verðlagsnefnd mjólkuriðnaðarins;

Tilnefnd voru Guðrún Sigurjónsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson; en til vara er Jóhanna Hreinsdóttir.

Samráðsnefnd SAM og Bændasamtaka Íslands;

Tilnefnd var stjórn SAM; Rögnvaldur Ólafsson, Jóhanna Hreinsdóttir, Egill Sigurðsson og Jóhann Nikulásson.

Í Fagråd nautgriparæktarinnar er tilnefndur Björn S. Gunnarsson.

Fræðslunefnd mjólkuriðnaðarins;

Skipaðir voru Jóhanna Hreinsdóttir, Jóhann Nikulásson og Björn S. Gunnarsson.

FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKURVARA 2016

Mjólkurframleiðsla jókst á árinu 2016 og var 150,3 milljónir lítra hjá aðildarfélögum SAM en árið 2015 var framleiðslan 146 milljónir lítra.

Meðalinnvigtun frá hverjum framleiðanda 2016 var 252.219 lítrar og jókst um 22.605 lítra á árinu, eða 9,8%. Síðustu tvö ár hefur meðalinnvigtun hvers framleiðanda aukist um 46.813 lítra á ári, hlutfallsleg aukning frá árinu 2014 nemur 23%. Mjólkurframleiðendur í árslok voru 596 og hafði fækkað um 40 á árinu, en það er meiri fækkun en samanlagt síðustu þrjú ár þar á undan.

Greiðslumark verðlagsársins 2016 var 136 milljónir lítra. Hjá aðildarfélögum SAM var tekið á móti 150.322.481 lítrum og mjólk umfram greiðslumark var 14.399.222 lítrar. Greiðslumark verðlagsársins 2017 hefur verið ákveðið samkvæmt tillögu SAM 144 milljónir lítra.

Sala mjólkurvara árið 2016 var góð og jókst salan hvort sem litið er til sölu umreiknað á fitu- eða próteingrunn. Á fitugrunni nam sala árið 2016 rúmum 139,2 milljónum lítra sem var 4,8% aukning frá árinu 2015. Á próteingrunni var sala 129,0 milljónir lítra og jókst um 5,2% á milli ára. Söluaukning var því nokkuð meiri á próteingrunni en munur á sölu á fitugrunni og próteingrunni var nær óbreyttur milli ára eða sem nam um 10 milljónum lítra (samsvarar um 840 tonnum af undanrennudufti).

Innflutningur mjólkurafurða jókst um 58 tonn á milli ára, allt vegna aukins innflutnings osta. Innflutningur árið 2016 samsvarar um 3,2 milljón lítrum af mjólk á próteingrunni og um 2,3 milljón lítrum á fitugrunni.

Útflutningur mjólkurafurða jókst um 53% frá árinu 2015. Útflutningur á viðbiti hófst að nýju eftir tveggja ára hlé, útflutningur á ostum jókst verulega og útflutningur á undanrennudufti jókst um 885 tonn. Útflutningur á skyri og skyrdrykkjum jókst um nær 77% á milli ára og var samtals 1.762 tonn.

VERKEFNI SAM

SAM safnar og vinnur tölur um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurafurða á Íslandi. Upplýsingarnar skila tölfræði sem nýtt er til að fylgjast með innanlandsmarkaði mjólkurafurða, auk þess sem upplýsingar eru veittar til aðildarfélaga, Hagstofu Íslands, tölfræðistofnunar Evrópusambandsins (Eurostat) og alþjóðlegu mjólkursamtakanna IDF (International Dairy Federation). Skýrslurnar eru einnig grunnur að útreikningi á mánaðarlegum verðtilfærslum, sem reiknaðar eru milli aðildarfélaga SAM á grundvelli heimildarákvæðis í Búvörulögum.

Auk umsýslu eigin bókhalds annast SAM einnig bókhald fyrir Verðtilfærslusjóð SAM og birtir ársreikning sjóðsins í ársskýrslu SAM. Frá árslokum 2008 hefur starfsmaður SAM einnig annast útreikning launa fyrir Mjólkursamsöluna, ásamt öðrum verkefnum vegna starfsmannahalds Mjólkursamsölnnar.

SAM er aðili að Samtökum mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja, sem starfa innan Samtaka Iðnaðarins, og tengiliður íslensk mjólkuriðnaðar við eftirtalin erlend samtök:

1. International Dairy Federation – IDF (alþjóðleg samtök mjólkurframleiðenda og vinnslufyrirtækja).
2. Global Dairy Platform (alþjóðleg samtök vinnslu- og markaðsfyrirtækja í mjólkurmakaði)
3. Nordiske meieriorganisasjoners samarbeidsutvalg for mjølke kvalitetsarbeid – NMSM (norrænt samstarf um mjólkureftirlit og mjólkurgæði).

Markmiðið SAM með þátttöku í erlendu samstarfi er að sækja upplýsingar sem gagnast íslenskum mjólkurframleiðendum og mjólkuriðnaði.

Mars 2017

Rögnvaldur Ólafsson stjórnarformaður